

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 21. maí 2026.

Mál nr. 352/2025:

Kjartan Ólafsson

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Viðhaldsmönnum ehf.

(Páll Ágúst Ólafsson lögmaður)

Lykilorð

Kröfuréttur. Greiðsla. Reikningur. Skuldaraskipti. Sönnun. Réttaráhrif dóms (res judicata).

Útdráttur

V ehf. og K deildu um hvort greiðsluskylda hvíldi á K vegna framkvæmda sem V ehf. vann að fasteign hans. V ehf. hafði árið 2019 gefið út reikning á hendur E ehf. vegna framkvæmda á fasteigninni sem ekki hafði fengist greiddur að fullu. Höfðaði V ehf. mál gegn E ehf. til innheimtu á reikningnum og var E ehf. dæmt árið 2021 til að greiða V ehf. samtals 1.526.470 krónur. Byggði niðurstaða þess dóms á því að E ehf. hefði verið viðsemjandi V ehf. vegna framkvæmdanna. Þú E ehf. var skömmu síðar tekið til gjaldþrotaskipta og lýsti V ehf. kröfu í þrotabúið en engar greiðslur komu upp í þá kröfu. Í kjölfarið höfðaði V ehf. mál á hendur K vegna kröfu sem byggð var á sama reikningi og V ehf. hafði gefið út áður á E ehf. Byggði V ehf. á því að K væri hinn eiginlegi verkkaupi og viðskiptamaður félagsins vegna framkvæmdanna. Með hinum áfrýjaða dómi var fallist á greiðsluskyldu K og vísað til þess að framkvæmdirnar hefðu verið unnar í þágu K og að tölvupóstsamskipti aðila bentu ótvírætt til þess að þeir hefðu litið svo á að greiðsluskylda hvíldi á K þótt E ehf. hefði haft milligöngu um greiðslurnar og aðila hefði greint á um fjárhæðir. Í dómi Landsréttar kom fram að gögn málsins bæru engin merki um að V ehf. hefði á sínum tíma litið á K sem viðsemjanda sinn. Að virtu heildstæðu mati bæru gögnin merki um að samningssamband V ehf. hefði verið við E ehf. en ekki K. Máltilbúnaður V ehf. væri auk þess í ósamræmi við þau reikningsviðskipti sem upphaflega fóru fram milli V ehf. og E ehf. og þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar í dómi héraðsdóms í máli V ehf. gegn E ehf. um að V ehf. hefði átt í beinu samningssambandi við E ehf. Þá taldi Landsréttur að ekki yrði séð af tölvupóstsamskiptum sem lágu fyrir í málinu að K hefði tekist á herðar greiðsluskyldu gagnvart V ehf. vegna framkvæmdanna. Var því hvorki talið að V ehf. hefði fært sönnur á að K hefði í reynd verið viðsemjandi félagsins um verkið né sýnt fram á annan sjálfstæðan lagagrundvöll fyrir því að K bæri greiðsluskyldu vegna kröfu V ehf. í málinu. Var K því sýknaður af kröfu V ehf.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 12. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 2025 í málinu nr. E-6583/2023.
- 2 Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Áfrýjandi gaf aðilaskýrslu við meðferð málsins fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 5 Málsatvikum og málsástæðum aðila er gerð skil í hinum áfrýjaða dómi. Með dóminum var áfrýjanda gert að greiða stefnda 1.526.470 krónur ásamt dráttarvöxtum. Í niðurstöðu dómsins er lagt til grundvallar að greiðsluskylda hafi hvílt á áfrýjanda þar sem stefndi hefði unnið að framkvæmdum við fasteign hans að [...] í Reykjavík. Er í forsendum dómsins vísað til þess að framkvæmdir við fasteignina hefðu verið unnar í þágu áfrýjanda og að tölvupóstsamskipti aðila bentu óvirkilegt til þess að þeir hefðu litið svo á að greiðsluskylda hvíldi á áfrýjanda þótt einkahlutafélagið Eignaframkvæmd hefði haft milligöngu um greiðslurnar og aðila hefði greint á um fjárhæðir.
- 6 Í stefnu málsins kemur fram að krafa stefnda á hendur áfrýjanda sé byggð á sama reikningi og gefinn var út á hendur Eignaframkvæmd ehf. 18. júní 2019 vegna framkvæmda á fasteigninni [...]. Stefndi höfðaði mál gegn félaginu til innheimtu á reikningnum en með dómi Héraðsdóms Reykjaness 5. janúar 2021 í máli nr. E-2001/2019 var félagið dæmt til að greiða stefnda samtals 1.526.470 krónur samkvæmt reikningnum. Niðurstaða þess dóms byggði á því að Eignaframkvæmd ehf. hefði verið viðsemjandi stefnda vegna framkvæmdanna. Er þar einnig rakið að stefndi hefði gefið út reikninga á Eignaframkvæmd ehf. samtals að fjárhæð 6.046.447 krónur vegna verksins en 4.519.977 krónur hefðu þegar verið greiddar upp í verkið. Með dóminum var fallist á stefnukröfu málsins að fjárhæð 2.526.470 krónur í samræmi við reikninginn sem stefndi gaf út á félagið 18. júní 2019, að frádreginni 1.000.000 króna innborgun félagsins inn á reikninginn 3. júlí 2019, samtals 1.526.470 krónur. Í dóminum kemur fram að áfrýjandi hafi í tölvupósti til fyrirvarsmanns stefnda 16. júlí 2019 boðist til að greiða 1.000.000 króna til viðbótar í því skyni að ljúka málinu en ekki hafi náðst sættir um þau málalok.
- 7 Bú Eignaframkvæmdar ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms 14. janúar 2021, níu dögum eftir að dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli stefnda gegn félaginu var kveðinn upp. Stefndi lýsti kröfu í þrotabú félagsins en þar sem engar

eignir reyndust vera í búinu kom ekki til greiðslu upp í kröfu stefnda. Dóminum í máli stefnda gegn Eignaframkvæmd ehf. var ekki áfrýjað.

- 8 Með stefnu sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. október 2023 höfðaði stefndi mál þetta aðallega og til vara á hendur áfrýjanda og meðstefnda í héraði sameiginlega en að því frágengnu á hendur áfrýjanda einum. Í stefnu málsins kemur fram að krafan sé byggð á sama reikningi og áður var gefinn út á hendur Eignaframkvæmd ehf. vegna framkvæmda við fasteignina að [...] og félagið var dæmt til að greiða með fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness. Í stefnu er á því byggt að áfrýjandi sé hinn eiginlegi verkkaupi og „viðskiptamaður“ stefnda vegna framkvæmdarinnar en jafnframt rakið að reikningar vegna verksins árið 2019 hafi verið gefnir út á hendur Eignaframkvæmd ehf.
- 9 Í héraðsgreinargerð áfrýjanda er því mótmælt að hann hafi nokkurn tíma samþykkt að stefndi gæfi út reikning á hendur sér og bent á að stefndi hafi þegar fengið dóm á hendur einkahlutafélaginu Eignaframkvæmd fyrir sömu kröfu. Stefndi hafi fyrst gefið út reikning á hendur áfrýjanda 17. október 2023 en framkvæmdum við fasteignina að [...] hafi lokið sumarið 2019. Áfrýjandi hafi ekki verið viðsemjandi stefnda og því beri að sýkna hann á grundvelli aðildarskorts.
- 10 Með hinum áfrýjaða dómi var, eins og áður er rakið, fallist á greiðsluskyldu áfrýjanda en kröfum sem hafðar voru uppi sameiginlega gegn áfrýjanda og meðstefnda í héraði var vísað frá og eru þær ekki til umfjöllunar í máli þessu.
- 11 Í skýrslu áfrýjanda fyrir Landsrétti kom fram að hann hefði ráðið Arnþór Victor Grétarsson, meðstefnda í héraði, til að vinna verk á fasteign sinni að [...] en Arnþór hefði rekið fyrirtækið Eignaframkvæmd ehf. Áfrýjandi hefði fengið reikninga frá félaginu og reglulega greitt inn á verkið meðan á framkvæmdum stóð. Áfrýjandi kvað stefnda hafa verið fenginn sem undirverktaka að verkinu en kostnaður hefði farið úr böndunum. Það hefði orðið til þess að áfrýjandi hafði samband beint við stefnda í því skyni að freista þess að leysa málið og boðið fram ákveðna fjárhæð í því sambandi. Ágreiningur um kostnað hafi síðar orðið tilefni málaferla milli stefnda og Eignaframkvæmdar ehf. Áfrýjandi greindi frá því að Arnþór hefði tengst eiginkonu hans fjölskylduböndum þegar verkið var unnið en engin slík tengsl væru til staðar í dag.
- 12 Í reikningnum sem stefndi gaf út á áfrýjanda 17. október 2023 og krafa hans í þessu máli byggist á kemur fram að hann sé vegna vinnu 3. til 15. júní 2019 við fasteignina [...]. Ágreiningslaust er að reikningurinn er að öðru leyti sama krafa og stefndi gaf út reikning fyrir á félagið Eignaframkvæmd ehf. 18. júní 2019 og félaginu var gert að greiða með fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjaness 5. janúar 2021. Þar sem áfrýjandi átti ekki aðild að því máli hefur sá dómur ekki bindandi réttaráhrif gagnvart honum um úrslit sakarefnis enda binda úrslit dóms einungis þá sem eiga aðild að málinu eða koma að lögum í þeirra stað, sbr. 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991

um meðferð einkamála og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 10. febrúar 2003 í máli nr. 30/2003. Dómurinn hefur engu að síður fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og dóm Hæstaréttar 14. júní 2016 í máli nr. 356/2016, enda var dóminum ekki áfrýjað.

- 13 Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi ekki verið viðsemjandi stefnda heldur hafi stefndi verið undirverktaki Eignaframkvæmdar ehf. sem áfrýjandi var í viðskiptum við. Í fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness er lagt til grundvallar að Eignaframkvæmd ehf. hafi verið viðsemjandi stefnda vegna verksins sem stefndi tók að sér að vinna við fasteignina [...] en ekki áfrýjandi. Er þar jafnframt rakið að Eignaframkvæmd ehf. hafi greitt alls 4.519.977 krónur upp í verkið sem stefndi vann en heildarfjárhæð útgefna reikninga stefnda hafi numið 6.046.447 krónum. Þá kemur fram að eigandi fasteignarinnar, áfrýjandi þessa máls, hafi boðist til að greiða 1.000.000 króna upp í reikning sem stefndi og Eignaframkvæmd ehf. deildu um til að ljúka málinu. Aðilar hafa í þessu máli ekki gert ágreining um þau atvik sem lýst er með þessum hætti í dómi Héraðsdóms Reykjaness.
- 14 Ekki verður annað séð af framangreindu en að stefndi hafi gert félaginu Eignaframkvæmd ehf. reikninga vegna vinnu sinnar við fasteignina [...] sumarið 2019 og að félagið hafi greitt þá að stærstum hluta. Í gögnum málsins eru engin merki um að stefndi hafi á sínum tíma litið á áfrýjanda sem viðsemjanda sinn. Að því er varðar þá málsástæðu stefnda að Eignaframkvæmd ehf. hafi einungis verið nokkurs konar milligönguaðili til að koma í veg fyrir að áfrýjandi bæri kostnað af framkvæmdinni og að félagið Eignaframkvæmd ehf. gerði það í hans stað þá kemur fram í gögnum málsins að einkahlutafélagið gaf út reikninga á áfrýjanda fyrir lok árs 2019 sem námu samtals 5.454.889 krónum. Ekki er tilgreint í þeim reikningum hvaða verk er um að ræða en af gögnum málsins verður ráðið að áfrýjandi millifærði alls 4.743.009 krónur til félagsins vegna reikninga sem voru á eindaga á tímabilinu 6. maí til 10. júlí 2019. Ágreiningslaust er að stefndi hafði þá lokið þeirri vinnu við fasteign áfrýjanda sem dómkrafa hans í málinu lýtur að. Þá kemur fram í málgögnum að áfrýjandi greiddi auk þess 499.844 krónur til Eignaframkvæmdar ehf. en sú millifærsla er ekki dagsett í gögnum málsins.
- 15 Þegar gögn málsins eru metin með heildstæðum hætti þá bera þau merki um að samningssamband áfrýjanda vegna verksins hafi verið við félagið Eignaframkvæmd ehf. en ekki stefnda. Máltilbúnaður stefnda er auk þess í ósamræmi við þau reikningsviðskipti sem upphaflega fóru fram milli hans og Eignaframkvæmdar ehf. og þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness um að stefndi hafi átt í beinu samningssambandi við félagið.
- 16 Ekki verður séð af þeim tölvupóstsamskiptum sem liggja fyrir í málinu að áfrýjandi hafi tekist á herðar greiðsluskyldu gagnvart stefnda vegna fyrrgreindra framkvæmda við fasteign hans. Þannig sendi áfrýjandi tölvupóst til fyrirsvarsmanns Eignaframkvæmdar ehf. 28. júní 2019 með afriti á stefnda þar sem hann gerði

athugasemdir við reikninga vegna verksins en áfrýjandi taldi fjárhæð reikninga sem nam samtals 6.046.447 krónum of háa. Tók áfrýjandi fram að hann væri ánægður með verkið sjálft og lagði til að ljúka málinu með því að hann greiddi reikninga gegn 25% afslætti. Í tölvupóstsamskiptum áfrýjanda við stefnda og Eignaframkvæmd ehf. 3. til 22. júlí sama ár kemur fram að stefndi var ekki reiðubúinn að veita umbeðinn afslátt.

- 17 Þótt áfrýjandi hafi með þessum hætti reynt að liðka fyrir því að stefndi og Eignaframkvæmd ehf. leystu ágreining um verkið liggur fyrir að stefndi hafnaði tilboði hans um greiðslu. Er því ekki unnt að leggja til grundvallar að stofnast hafi til sjálfstæðrar greiðsluskyldu áfrýjanda gagnvart stefnda í þessum samskiptum eða að áfrýjandi hafi að einhverju leyti yfirtekið skuldbindingar Eignaframkvæmdar ehf. gagnvart stefnda.
- 18 Með vísan til alls þess sem að framan er rakið hefur stefndi hvorki fært sönnur á að áfrýjandi hafi í reynd verið viðsemjandi hans um það verk sem stefndi vann við fasteignina að [...] né sýnt fram á annan sjálfstæðan lagagrundvöll fyrir því að áfrýjandi beri greiðsluskyldu vegna kröfu stefnda í þessu máli. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfu stefnda.
- 19 Í samræmi við þessi úrslit málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti. Með hliðsjón af umfangi málsins þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn í einu lagi 2.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kjartan Ólafsson, er sýknaður af öllum kröfum stefnda, Viðhaldsmanna ehf.

Stefndi greiði áfrýjanda 2.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Málið var höfðað 23. október 2023 og dómtekið 25. mars 2025. Stefnandi er félagið Viðhaldsmenn ehf. Stefndu eru Kjartan Ólafsson, [...], og Arnþór Victor Grétarsson, [...].
2. Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.526.470 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. júní 2019 til greiðsludags. Í kröfugerð stefnanda kemur fram að inn á skuldina hafi verið greidd innborgun 3. júlí 2019 að fjárhæð 1.000.000 króna og dragist hún frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Jafnframt segir þar að innborgunum sé „fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.“
3. Til vara krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.526.470 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 17. október 2023 til greiðsludags.

4. Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi Kjartan Ólafsson verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.526.470 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 2.526.470 krónum frá 18. júní 2019 til greiðsludags. Inn á skuldina hafi verið greidd innborgun að fjárhæð 1.000.000 krónur 3. júlí 2019 og dragist hún frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.
5. Til þrautþrautavara krefst stefnandi þess að stefndi Kjartan Ólafsson verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.526.470 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 17. október 2023 til greiðsludags.
6. Verði fallist á aðal- eða varakröfu stefnanda krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu. Verði fallist á þrautavara- eða þrautþrautavarakröfu stefnanda krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda Kjartans Ólafssonar.
7. Stefndi, Arnþór Victor Grétarsson, krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að viðbættu álagi.
8. Stefndi Kjartan Ólafsson krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi lögmanns stefnanda, til vara úr hendi lögmanns stefnanda og stefnanda sameiginlega, en til þrautavara úr hendi stefnanda. Í öllum tilvikum krefst stefndi þess að álag verði lagt á málskostnað, þar sem málið sé höfðað á hendur stefnda að tilefnislausu.
9. Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. júlí 2024 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
10. Kröfu stefnda Arnþórs Victors Grétarssonar um frávísun málsins var hafnað 9. apríl 2024, með úrskurði dómarsins sem þá fór með málið. Sú niðurstaða var rökstudd munnlega, sbr. 3. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, m.a. með vísan til þess að gagnaöflun væri ekki lokið, að því er greinir í þingbók málsins. Dómarinn sem tók við málinu beindi því síðar til lögmannna aðila að reifa við aðalmeðferð málsins sjónarmið um hvort vísa bæri málinu frá dómi og benti í því sambandi á að til skoðunar kynni að koma hvort gagnaframlagning sem fór fram eftir að fyrrnefndur úrskurður féll nægði til að bæta úr hugsanlegum frávísunarannmörkum. Jafnframt var á það bent að til skoðunar kæmi hvort þeir liðir í dómkröfum stefnanda sem lúta að því að innborgunum verði fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls, væru dómtækir eða hvort vísa bæri þeim frá dómi. Lögmenn aðila reifuðu sjónarmið um þessi atriði við aðalmeðferð málsins.

Helstu málsatvik

11. Stefndandi tekur að sér verkefni við viðhald og nýsmíði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Krafa hans, sem deilt er um í málinu, er til komin vegna verks sem hann vann við viðhald á húsi að [...]í Reykjavík árið 2019, nánar tiltekið við endurbyggingu þakkants. Húsið mun vera í eigu stefnda Kjartans Ólafssonar. Félagið Eignaframkvæmd ehf., sem stefndi Arnþór Victor Grétarsson var í fyrirsvari fyrir, mun hafa haft einhvers konar milligöngu milli stefnanda og stefnda Kjartans vegna framkvæmdarinnar, a.m.k. hvað varðar gerð reikninga og greiðslur vegna hennar. Ekki mun hafa verið gerður skriflegur samningur um þá milligöngu en samkvæmt munnlegu samkomulagi aðila skyldi stefndandi gefa út reikninga til Eignaframkvæmdar ehf. vegna framkvæmdarinnar.
Reikningar vegna verksins og gögn um greiðslur
12. Stefndandi mun hafa gefið út tvo reikninga 3. júní 2019 á hendur Eignaframkvæmd ehf. vegna verksins, annan að fjárhæð 453.685 krónur og hinn að fjárhæð 1.846.190 krónur. Þá gaf stefndandi 18. sama mánaðar út reikning á hendur Eignaframkvæmd ehf. að fjárhæð 2.526.470 krónur, sem samsvarar stefnufjárhæð þessa máls. Sá reikningur mun ekki hafa fengist greiddur, fyrir utan innborgun að fjárhæð 1.000.000 króna 3. júlí 2019. Umræddur reikningur ber númerið 160.
13. Fyrir liggja reikningar frá Eignaframkvæmd ehf. á hendur stefnda Kjartani, dagsettir 31. desember 2019 að fjárhæð 2.400.000 krónur og 31. desember 2020 að fjárhæð 3.054.889 krónur. Að því er fram kemur á reikningunum eru þær fjárhæðir sem þar eru tilgreindar einkum vegna vinnu og efnis en ekki kemur fram

um hvaða verk sé að ræða. Samkvæmt framlögðum millifærslukvittunum greiddi stefndi Kjartan Eignaframkvæmd ehf. 500.000 krónur 3. maí 2019, 1.900.000 krónur 5. júní 2019, 1.220.102 krónur 30. júní 2019, 1.000.000 króna 3. júlí 2019, 122.907 krónur 10. júlí 2019 og 499.844 krónur 15. október 2019. Undir rekstri málsins var af hálfu stefnanda skorað á stefndu að leggja fram reikning frá Eignaframkvæmd ehf. til stefnda Kjartans Ólafssonar varðandi þá fjárhæð sem deilt er um í málinu. Ekki kom til þess að slíkur reikningur væri lagður fram.

14. Í málinu liggur fyrir reikningur stefnanda á hendur stefnda Kjartani, dagsettur 17. október 2023, þar sem stefnandi krefur stefnda um samtals 2.526.470 krónur, þ.e. sömu fjárhæð og dómkrafa stefnanda lýtur að. Reikningurinn er sundurliðaður á þann hátt að 1.951.200 krónur séu vegna vinnu, 44.276 krónur vegna efnis og 42.000 krónur vegna aksturs. Í vinnuskýrslu sem fylgir reikningnum kemur fram að um sé að ræða vinnu á tímabilinu 3.–15. júní 2019 og [...] er tilgreind sem verkstaður. Í tölvupósti stefnda Kjartans til fyrirsvarsmanns stefnanda 19. október 2023 kemur fram að reikningnum sé hafnað þar sem hann hafi aldrei óskað eftir þjónustu frá stefnanda. Eignaframkvæmd ehf. hafi verið verktaki stefnda að umræddu verki og stefnandi undirverktaki hans.

Mál stefnanda gegn Eignaframkvæmd ehf.

15. Stefnandi höfðaði mál gegn Eignaframkvæmd ehf. 23. október 2019 til heimtu á skuld að fjárhæð 2.526.470 krónur að frádreginni innborgun að fjárhæð 1.000.000 króna. Málið var rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness undir málsnúmerinu E-2001/2019. Fjárhæð dómkröfunnar byggðist á fyrrgreindum reikningi nr. 160. Með dómi í málinu 5. janúar 2021 var fallist á að Eignaframkvæmd ehf. skyldi greiða stefnanda umrædda fjárhæð, auk málskostnaðar að fjárhæð 1.240.000 krónur.
16. Í aðilaskýrslu sem stefndi Arnþór Victor gaf, sem fyrirsvarsmaður Eignaframkvæmdar ehf., við aðalmeðferð umrædds máls nr. E-2001/2019 bar hann, aðspurður um tengsl sín við stefnda Kjartan, að Kjartan væri „bæði í [...] fjölskyldunni“ og að hann (stefndi Arnþór Victor) hefði „tekið húsnæði hans allt í gegn að innan og utan, haldið því við“. Aðspurður um hvers vegna greiðslurnar færu í gegnum Eignaframkvæmd ehf. kvað hann það hafa verið samkomulagsatriði af því hann hefði unnið fyrir stefnda Kjartan. Arnþór Victor hafi viljað hafa þetta með þessum hætti þar sem hann hafi fengið stefnanda í verkið. Aðspurður um hvort hann hefði sett álag á reikningana frá stefnanda þegar hann áframsendi þá til stefnda Kjartans kvað hann svo ekki vera; hann hafi ætlað „kannski að taka hundrað þúsund í þóknun fyrir heildina“, en ekki verið stætt á því í ljósi þess hvernig málin þróuðust. Hann hafi gert athugasemdir við reikninga stefnanda og sagt að „enginn væri að rukka þetta mikið fyrir þetta“. Þá kvað hann vera búíð að senda reikning til stefnda Kjartans vegna alls þess sem félagið Eignaframkvæmd ehf. hafi verið búíð að borga stefnanda, en vísaði í því sambandi til þess að ágreiningur hefði verið um greiðslu þess reiknings sem hér um ræðir.
17. Stefnandi Kjartan Ólafsson bar um það í vitnaskýrslu sinni í umræddu máli að hann hefði hverju sinni innt af hendi greiðslur til Eignaframkvæmdar ehf. á grundvelli beiðna stefnda Arnþórs Victors, án þess þó að honum hefðu verið sýndir reikningar í tengslum við það. Eignaframkvæmd ehf. hafi verið verktakinn að verkinu en stefnandi undirverktaki. Hvorugur stefndu gaf aðilaskýrslu í málinu sem hér er til úrlausnar.
Gjaldþrot Eignaframkvæmdar ehf. og skipti á búi félagsins
18. Samkvæmt vottorði úr fyrirtækjaskrá Skattsins var bú Eignaframkvæmdar ehf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 14. janúar 2021, skiptum lauk 23. apríl og félagið var afskráð 14. maí sama ár. Fram kemur í vottorðinu að stefndi Arnþór Victor hafi verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og farið með prókúruumboð þess. Af hálfu stefnanda var lýst almennri kröfu að fjárhæð 3.034.670 krónur í þrotabúið. Engar eignir reyndust vera í búinu og kom því ekki til greiðslu upp í lýstar kröfur.
19. Lögmaður stefnanda spurði skiptastjóra Eignaframkvæmdar ehf., með tölvupósti 27. apríl 2024, hvort fyrir lægi hvaða aðili eða fyrirtæki hefði annast bókhald félagsins og hvort skiptastjóri hefði fengið bókhaldið afhent eða gæti upplýst hvar unnt væri að nálgast upplýsingar úr bókhaldinu. Í svari skiptastjórans frá því degi síðar, 28. apríl 2024, kemur fram að fyrirsvarsmaður Eignaframkvæmdar ehf. hafi upplýst í skýrslutöku hjá skiptastjóra að tiltekinn einstaklingur hefði bókhald félagsins undir höndum, en sá einstaklingur hefði fært bókhaldið á árunum fyrir gjaldþrotið. Viðkomandi einstaklingur hafi bent á Reglu

og Fakta um aðgengi að bókhaldinu en bókhaldsgögnin sjálf hafi aldrei fengist, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Regla/Fakta hafi neitað um aðgang að kerfum sínum vegna skuldar Eignarframkvæmdar ehf. en viljað semja um aðgang gegn talsvert hárrí greiðslu. Með eignalaust bú, einungis skiptatryggingu til ráðstöfunar, sem raunar hafi hvergi nærri hrokkið fyrir skiptakostnaði, og kröfuhafa sem ekki hafi verið reiðubúnir til að ábyrgjast frekari kostnað vegna skiptanna hafi ekki verið grundvöllur til að ráðast í frekari aðgerðir til rannsóknar eða eignakönnunar. Skiptastjóri hafi hins vegar beint kærnu til lögreglu (héraðssaksóknara) vegna málsins, m.a. vangoldinna vörsluskatta og rökstudds gruns um að fyrirsvarsmáður félagsins hefði nýtt fjármuni þess í eigin þágu.

20. Samkvæmt framlagðri útrentun af vefsvæðinu Fakta.is er stefndi Kjartan Ólafsson framkvæmdastjóri Fakta ehf. Jafnframt kemur þar fram að félagið Regla sé systurfyrirtæki félagsins.

Tölvupóstsamskipti um greiðslur vegna verksins

21. Fyrir liggja tölvupóstsamskipti milli Jóhanns Svavars Jóhannssonar, fyrirsvarsmanns stefnanda, stefnda Kjartans og stefnda Arnþórs Victors frá sumrinu 2019 varðandi greiðslur vegna verksins. Í tölvupósti stefnda Kjartans 28. júní 2019, sem hann sendi til stefnda Arnþórs Victors og afrit á netfang stefnanda, kveðst hann hafa fengið reikninga vegna verksins að fjárhæð 6.046.447 krónur, sem sé langt umfram það sem hann hafi átt von á og telji eðlilegt. Þá kveðst hann hafa reiknað með viku til tíu dögum í verkið miðað við þrjú menn. Í póstinum segir m.a.: „Ég legg til að þið gefi [svo] mér 25% afslátt af þessum reikningum og ég greiði ykkur innan sólarhrings frá því að samkomulag liggur fyrir.“ Fyrirsvarsmáður stefnanda svaraði póstinum 3. júlí sama ár. Þar kveður hann þessi viðbrögð stefnda vera á skjön við það sem hann hafi sýnt allan verktímann og getur þess að hann hafi tjáð stefnda í upphafi að hann teldi að verkið kæmi til með að taka nálægt þremur vikum. Einnig kveður hann það undarlegt „að tefja greiðslu tveggja síðustu reikninganna, ríflega 3,7 millj.“ Síðan segir: „Á móti þeirri tölu sem þú viðurar að þú ættir að fá afslátt um 1,5 millj.“ Síðan segir hann að eftir „óteljandi símtöl til ykkar félaga fram og til baka“ hafi hann fengið greiddan síðasta reikninginn. Eftir standi ógreiddar 2,5 milljónir króna. Það eina ærlega í stöðunni sé að greiða eina milljón og síðan skuli þeir funda um eftirstöðvarnar, 1,5 milljónir króna. Að öðrum kosti sjái hann ekki neina aðra leið en að senda þetta í innheimtu strax. Í svari sama dag kveðst stefndi Kjartan vera búinn að færa eina milljón króna yfir á Eignaframkvæmd ehf.
22. Tölvupóstsamskipti aðila bera jafnframt með sér að fyrirsvarsmáður stefnanda og stefndi Kjartan hafi fundað um málið 9. júlí 2019. Í tölvupósti 16. sama mánaðar kveðst stefndi Kjartan hafa verið að skoða, í framhaldi af fundinum, hvernig ljúka megi málinu. Í póstinum segir m.a.: „Ég vil því leggja til að ég greiði þér 1 milljón í viðbót og málinu sé þar með lokið.“ Tilboðið standi til 18. sama mánaðar. Í tölvupósti 18. júlí 2019 vitnar fyrirsvarsmáður stefnanda til þess að á umræddum fundi hafi af sinni hálfu verið óskað eftir rökstuðningi fyrir því af hverju veita ætti afslátt. Þau rök hafi hann ekki fengið. Í framhaldinu býðst hann til að ljúka málinu með því að lækka kröfuna um 150.000 krónur. Í svari stefnda sama dag segir hann þann afslátt ekki nægja til að ljúka málinu. Í tölvupósti stefnda Kjartans til fyrirsvarsmanns stefnanda 22. sama mánaðar kveðst hann tilbúinn að greiða það sem út af standi ef fyrirsvarsmáður stefnanda samþykki að veita 15% afslátt og gengið verði frá málinu eigi síðar en 24. sama mánaðar. Fyrir liggur að ekki náðist samkomulag um þetta.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

23. Stefnandi kveður kröfu sína vera til komna vegna verks sem hann hafi unnið á húsi í eigu stefnda Kjartans Ólafssonar að [...] í Reykjavík. Verkið hafi nánar tiltekið falið í sér rif á þakkanti ásamt því að setja upp nýjan þakkant og endurbyggja, lagfæringu á rennum, málun og öðru því tengdu ásamt því sem verkið hafi stækkað að umfangi á meðan á því stóð, m.a. vegna fúa í undirbyggingu sem skipta hafi þurft um.
24. Félag stefnda Arnþórs Victors Grétarssonar, Eignaframkvæmd ehf., hafi tekið að sér umsjón með þessu viðhaldsverkefni fyrir hönd stefnda Kjartans. Eignaframkvæmd ehf. hafi ekki haft yfir að ráða faglærðum húsasmíðameistara og hafi því leitað til stefnanda með framkvæmdina, sem stefnandi hafi lokið og skilað eins og um hafi verið beðið.

25. Fyrir liggir að stefndi Kjartan hafi aldrei greitt Eignaframkvæmd ehf. nokkuð vegna þessa verks. Milliganga Eignaframkvæmdar ehf. virðist því fyrst og fremst hafa verið til þess að félag bæri kostnað af framkvæmdinni í staðinn fyrir raunverulegan eiganda fasteignarinnar. Viðurkennt sé og óumdeilt að hinn raunverulegi verkkaupi hafi verið stefndi Kjartan, eigandi fasteignarinnar sem viðhaldið hafi verið framkvæmt á. Raunverulegur tilgangur milligöngunnar sé óljós en virðist þó mögulega hafa varðað einhvers konar skattsnidgöngu.
26. Alls hafi stefnandi gefið út fimm reikninga vegna verksins, samtals að fjárhæð 6.046.447 krónur. Fjórir reikningar hafi verið gefnir út á félagið Eignaframkvæmd ehf., sem hafi greitt þrjá þeirra, samtals að fjárhæð 3.519.977 krónur. Eftir hafi staðið reikningur nr. 160 að fjárhæð 2.526.470 krónur, sem félagið hafi greitt 1.000.000 króna inn á. Krafa stefnanda sé byggð á þessum reikningi, sem aldrei hafi verið greiddur að fullu af hálfu félagsins Eignaframkvæmdar ehf. Stefnandi hafi höfðað mál gegn félaginu Eignaframkvæmd ehf. vegna þessa reiknings og félagið hafi með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-2001/2019 verið dæmt til að greiða hann. Það mál hafi verið höfðað 23. október 2019 og hafi fyrning gagnvart fjárkröfunni verið rofin miðað við þann dag. Mál þetta sé höfðað innan þess fyrningarfrests. Bú félagsins Eignaframkvæmdar ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 14. janúar 2021 en dómur hafi fallið í framangreindu innheimtumáli 5. sama mánaðar.
27. Stefnandi telji augljóst að stefndu hafi alltaf ætlað að svíkja sig um greiðslu samkvæmt lokareikningnum. Í gögnum málsins komi m.a. fram að eftir að verkinu lauk en lokareikningur var enn ógreiddur hafi mikið verið reynt af hálfu stefndu, ekki síst stefnda Kjartans, að fá eftirstöðvarnar lækkaðar af ástæðum sem aldrei hafi verið nefndar áður en verkinu lauk. Félagið hafi síðan verið lýst gjaldþrota um það leyti sem það hafi verið dæmt til að greiða lokareikninginn vegna verksins.
28. Frá upphafi hafi hins vegar legið fyrir að verkkaupi væri stefndi Kjartan. Stefnandi Arnþór Victor hafi haft milligöngu milli stefnda Kjartans og stefnanda. Tölvupóstsamskipti milli stefnanda og stefndu beri glögglega með sér að stefndi Kjartan hafi verið hinn eiginlegi viðskiptamaður. Við aðalmeðferð framangreinds máls hafi einnig komið í ljós að milliganga Arnþórs Victors hafi falist í því að vera móttakandi reikninga fyrir verkið, sem fyrirskipað hafi verið að skyldu stílaðir á félagið Eignaframkvæmd ehf. en ekki Kjartan, hinn eiginlega verkkaupa. Stefnandi Arnþór Victor hafi gengist við því fyrir dómi við aðalmeðferð málsins að hann myndi ekki hvaða þóknun hann ætti að fá fyrir milligöngu sína og félags síns, Eignaframkvæmdar ehf. Samkvæmt framburði hans hafi það sennilega ekki átt að vera neitt en kannski 100.000 krónur. Félagið Eignaframkvæmd ehf. hafi aldrei gert stefnda Kjartani reikninga fyrir þeim reikningum sem félagið hafi greitt fyrir það verk sem stefnandi hafi unnið í þágu Kjartans. Stefnandi hafi því séð sig knúinn til að gefa út nýjan reikning á stefnda Kjartan þar sem hann sé hinn eiginlegi verkkaupi og hafi alltaf verið hinn raunverulegi viðskiptamaður við stefnanda í þessum viðskiptum. Stefnandi telji óviðunandi fyrir sig sem verksala að stefndu komist upp með að svíkja sig um óumdeildar eftirstöðvar vegna verksins.
29. Samtals nemi framangreindar ógreiddar fjárhæðir vegna verksins 2.526.470 krónum, sem sé fjárhæð aðalkröfu stefnanda, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefndu við stefnanda sé 18. júní 2019 og miði stefnuþjárhæð og dráttarvextir við það tímamark. Inn á skuldina hafi verið greidd innborgun 3. júlí 2019 að fjárhæð 1.000.000 króna og dragist hún frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.
30. Varakrafa stefnanda sé að stefndu verði gert að greiða sameiginlega 1.526.470 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 17. október 2023 sem sé útgáfudagur reiknings vegna eftirstöðva kröfunnar á stefnda Kjartan, raunverulegan verkkaupa. Þrautavara- og þrautþrautavarakröfur séu sömu kröfur og aðalkrafa og varakrafa nema þeim sé eingöngu beint að stefnda Kjartani.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Kjartans Ólafssonar

Sýkna vegna aðildarskorts

31. Stefndi Kjartan Ólafsson byggir á því að hann hafi ekki verið viðsemjandi stefnanda. Stefnandi eigi því enga kröfu á hendur honum sem byggist á samningi. Stefnandi hafi sjálfur haldið því fram að viðsemjandi hans hafi verið Eignaframkvæmd ehf. og sé bundinn af þeim yfirlýsingum sem hafi verið settar fram fyrir dómi. Því beri að sýkna stefnda vegna aðildarskorts.
32. Eignaframkvæmd ehf. hafi fyrir þann tíma þegar umrætt verk var unnið um árabil verið verktaki stefnda og annast hvers kyns viðhald á fasteignum hans í smáu sem stóru. Því hafi ekki komið til greina að stefndi leitaði nokkuð annað þegar hann hafi þurft að láta endurbyggja þakkant á heimili sínu. Stefndi hafi ekki skipt sér af undirverktökum Eignaframkvæmdar ehf. en stefnandi muni hafa verið meðal þeirra. Einnig hafi víða komið fram í málflutningi stefnanda í fyrra máli sem stefnandi höfðaði gegn Eignaframkvæmd ehf. fyrir Héraðsdómi Reykjaness að það hafi verið Eignaframkvæmd ehf. sem hafi haft umsjón með þessu viðhaldsverkefni. Þar hafi aldrei verið haldið öðru fram en að viðsemjandi stefnanda hefði verið Eignaframkvæmd ehf. en ekki stefndu í þessu máli.
33. Stefndi mótmælir því að hann hafi aldrei greitt Eignaframkvæmd ehf. nokkuð vegna verksins. Framlagðir reikningar sem Eignaframkvæmd ehf. hafi gefið út til stefnda og kvittanir vegna millifærslna sýni annað.
34. Stefnandi hafi aldrei haldið því fram áður að stefndi hafi verið hinn eiginlegi verkkaupi hans. Stefnda virðist sem stefnandi hafi vent kvæði sínu algjörlega í kross eftir að hann lenti í erfiðleikum með að innheimta kröfu sína hjá Eignaframkvæmd ehf. vegna gjaldþrots félagsins. Þó verði að telja að hann sé bundinn af fyrri yfirlýsingum sínum fyrir dómi.
35. Eins og fram komi í stefnu hafi stefnandi fyrst gefið út reikning á hendur stefnda 17. október 2023 en verklok hafi orðið sumarið 2019.
36. Stefndi hafni þessari reikningsútgáfu með öllu og telji hana brjóta í bága við bókhaldslög nr. 145/1994 og lög nr. 50/1998 um virðisaukaskatt. Þá telji stefndi að stefnandi hafi með kröfugerð sinni uppi algjörlega haldlausa kröfu fyrir dómstólum gegn betri vitund, enda sé með engu móti útskýrt í stefnu hvernig stefndi eigi að bera ábyrgð á því að krafa stefnanda á hendur Eignaframkvæmd ehf. hafi ekki fengist greidd.
Sýkna vegna fyrningar
37. Stefndi byggir á því að krafa stefnanda sé háð fjögurra ára fyrningarfresti, sbr. 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. sömu laga reiknist fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Samkvæmt almennum reglum kröfu- og verktakaréttar sé greiðsla fyrir verk gjaldkræf við verklok, nema samið sé um annað. Verklok hafi orðið sumarið 2019. Af því leiði að krafa stefnanda sé fyrnd og sýkna beri stefnda á þeim grundvelli.
Aðrar málsástæður sem varða sýknu
38. Stefndi telur að stefnandi virðist ekki byggja á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, með saknæmum hætti, þótt útilokað sé að álitni stefnda að fullyrða það vegna óljóss málatilbúnaðar stefnanda. Sé um að ræða skaðabótakröfu utan samninga, sem þó sé í ósamræmi við stefnu, beri einnig að sýkna stefnda.
39. Stefndi telur að í stefnu virðist ekki byggt á því að um sé að ræða skaðabótakröfu, sbr. að í dómkröfum sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða „skuld“. Þá liggi nýlega útgefinn reikningur „skuldinni“ til grundvallar. Í lagatilvísunum sé einnig byggt á „reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga“, en hvergi sé almenna sakarreglan nefnd. Umfjöllun þessi sé því að öllum líkindum óþörf, en höfð uppi vegna fullyrðingar stefnanda um „svik“ stefnda.
40. Rangar og ósannaðar séu með öllu staðhæfingar stefnanda þess efnis að stefndu hafi alltaf ætlað að svíkja stefnanda um greiðslu og að stefndu hafi reynt að fá eftirstöðvarnar lækkaðar áður en verkinu lauk, af ástæðum sem aldrei hafi verið nefndar áður en verkinu lauk. Það að stefndi hafi reynt að semja við stefnanda fyrir hönd Eignaframkvæmdar ehf., til þess að finna lausn á þeirri deilu sem upp var komin um greiðslur vegna viðhalds á hans eigin húsi, bendi á engan hátt til svika.
41. Ástæða þess að stefndi hafi tekið þátt í samningaviðræðum hafi verið sú að hann hafi ekki viljað að Eignaframkvæmd ehf. sæti uppi með háa reikninga frá undirverktaka sínum, sem hvorki Eignaframkvæmd ehf. né stefndi hafi talið sanngjarna, né að fært væri fyrir Eignaframkvæmd ehf. að rukka stefnda um. Það hafi því ekkert verið óeðlilegt við það að stefndi reyndi að sætta málið með viðræðum við alla aðila þess.

Í því hafi ekki falist nein viðurkenning af hálfu stefnda á ábyrgð á fjárskuldbindingum Eignaframkvæmdar ehf. Fullyrðingar um áform um svik séu fráleitar með öllu, enda beri stefndi ekki nokkra ábyrgð á gjaldþroti Eignaframkvæmdar ehf. Kröfugerð stefnda geti því ekki með neinu móti grundvallast á sakarreglunni.

Um málskostnaðarkröfur stefnda

42. Varðandi kröfur stefnda um málskostnað vísar hann til þess að málið hafi verið höfðað á hendur honum algjörlega að tilefnislausu. Stefndi telji vítavert af hálfu lögmanns stefnanda að gefa út stefnu með jafn haldlausum og tilefnislausum kröfum og gert hafi verið í máli þessu. Málareksturinn leiði til þess að stefndi neyðist til að taka til varna, ráða sér lögmann og eyða tíma sínum og athygli í þetta mál. Stefndi telur sakir málflytjandans miklar, enda hafi hann vitað eða mátt vita vegna sérfræðiþekkingar sinnar að málatilbúnaðurinn gagnvart stefnda væri haldlaus með öllu. Um sé að ræða grundvallaratriði lögfræðinnar á borð við fjögurra ára fyrningarfrest krafna og aðildarskort, auk þess sem stefnan er óljós um grundvöll krafanna að öðru leyti. Þá sé málatilbúnaðurinn í algjörri andstöðu við fyrri yfirlýsingar og málflutningsskjöl stefnanda fyrir rétti í máli nr. E-2001/2019 hjá Héraðsdómi Reykjaness. Engu að síður leitist málflytjandinn við að afneita fyrri málflutningi stefnanda og réttaráhrifum (*res judicata*-áhrifum) fyrri dóms.
43. Af þessum sökum sé þess krafist að dómurinn fari þá leið að láta málflytjandann bera málskostnaðinn, honum og öðrum málflytjendum til varnaðar. Til vara sé þess krafist að dómurinn fari millileið og ákveði að málflytjandinn skuli bera kostnaðinn ásamt umbjóðanda sínum. Til þrautavara sé þess krafist að stefnandi beri kostnaðinn einn. Í öllum tilvikum sé þess krafist að álag verði lagt á dæmdan málskostnað, enda séu sömu lagaskilyrði fyrir því og að ákveðið verði að málflytjandinn beri kostnaðinn.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Arnþórs Victors Grétarssonar

Málsástæður er varða frávisun málsins

44. Stefndi krefst aðallega frávisunar á þeim grundvelli að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður með öllu, einkum með vísan til d-, e-, f- og g-liða 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Þá sé ekki vikið að því í stefnu hvernig skilyrði samlagsaðildar séu uppfyllt en stefndi geri ráð fyrir því að stefnandi byggji á 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála.
45. Ógerlegt sé að ráða af stefnu og framlögðum gögnum á hvaða grundvelli stefnandi reisi kröfur sínar á hendur stefnda. Stefnda sé því ómögulegt að halda uppi efnisvörnum í málinu eins og stefnandi hafi kosið að haga málatilbúnaði sínum.
46. Með góðum vilja megi þó ráða að stefnandi kunni að vilja byggja á því að víkja beri til hliðar hinni takmörkuðu ábyrgð sem felst í félagiformi einkahlutafélaga, sbr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Málsgrundvöllur slíkrar kröfu sé þó um margt ólíkur kröfu stefnanda á hendur meðstefnda Kjartani, og byggir stefndi á því að skilyrði samlagsaðildar, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála, séu ekki uppfyllt.
47. Þá sé mikið ósamræmi milli málsástæðna og dómkrafna stefnanda en stefnandi byggir sjálfur á því að krafan byggji á ógreiddum reikningi sem gefinn hafi verið út til Eignaframkvæmdar ehf. Á engan hátt sé vikið að því hvers vegna stefnda beri að greiða reikninginn persónulega.
48. Enn fremur hafi stefnandi sjálfur haldið því fram, a.m.k. hingað til, að hið gjaldþrota félag Eignaframkvæmd ehf. hafi verið raunverulegur viðsemjandi stefnanda, sbr. stefnu hans í máli nr. E-2001/2019. Málatilbúnaður stefnanda sé því í algjöru ósamræmi við fyrri staðhæfingar hans fyrir dómi og hvorki grundvallaður í gögnum málsins né réttarreglum svo hönd verði á fest.

Sýkna vegna aðildarskorts

49. Stefndi Arnþór Victor Grétarsson byggir á því að sýkna beri hann á grundvelli aðildarskorts þar sem hið gjaldþrota félag Eignaframkvæmd ehf. hafi verið viðsemjandi stefnanda en ekki stefndi í eigin nafni, eins og stefnandi hafi raunar byggt á áður en hann hafi vent kvæði sínu í kross. Þá byggir stefndi á því að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hins gjaldþrota félags, Eignaframkvæmdar ehf., sbr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Aukinheldur byggir stefndi á því að stefnanda hafi verið í lófa lagið að beina kröfu að stefnda persónulega í máli nr. E-2001/2019 sem stefnandi hafi höfðað gegn félagi

stefnda, Eignaframkvæmd ehf. Það hafi stefnandi ekki gert og hafi aldrei, fyrr en nú, haldið fram persónulegri ábyrgð stefnda á kröfum stefnanda. Krafa stefnanda gagnvart stefnda sé því fallin niður vegna tómlætis.

Sýkna vegna fyrningar

50. Einnig byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Verklök hafi orðið sumarið 2019 en samkvæmt almennum reglum kröfuréttar sé greiðsla fyrir verk gjaldkræf við verklök og reiknist fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda, sbr. 1. mgr. 2. gr. áðurnefndra laga.

Um málskostnaðarkröfur stefnda

51. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi höfðað málið að þarflausu og gegn betri vitund. Þá telji stefndi sakir stefnanda miklar í ljósi þess að stefnandi hafi áður rekið dómsmál gegn félagi stefnda, Eignaframkvæmd ehf., þar sem stefndi hafi byggt á því að félagið væri hinn raunverulegi viðsemjandi og ekki vikið einu orði að því að stefndi bæri persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Niðurstaða

Álitaefni um frávísun málsins að hluta

52. Stefndi Arnþór Victor hefur krafist frávísunar málsins með rökum sem gerð er grein fyrir hér að framan í umfjöllun um málsástæður hans. Þá kemur til skoðunar hvort vísa eigi frá dómi án kröfu þeim hlutum aðal- og þrautavarakrafna stefnanda sem lúta að því að innborgunum skuli „fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls“. Þetta síðarnefnda atriði kemur hér fyrst til skoðunar.
53. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skal greina í stefnu svo glögg sem verða má dómkröfur stefnanda. Í þessu felst að dómkrafa í stefnu þarf að meginreglu að vera svo ákveðin og ljós að unnt sé að taka hana upp í dómorð. Þá þarf að tilgreina þær málsástæður sem krafan byggir á, svo og önnur atvik sem nauðsynleg eru til að samhengi málsástæðna verði ljóst, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga.
54. Í tengslum við málsástæður stefnanda í stefnu er tiltekið að innborgunum sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls, sem felur í sér endurtekningu á því sem fram kemur í aðal- og þrautavarakröfum stefnanda. Engin frekari grein er gerð fyrir málsástæðum stefnanda hvað varðar umræddan hluta kröfugerðar hans. Þá hefur stefnandi ekki reifað undir rekstri málsins eða lagt fram gögn um hver sé áfallinn kostnaður af vanskilum, hvernig hann sundurliðist eða önnur atriði sem þetta snertir.
55. Eins og rakið er í dómi Hæstaréttar frá 17. október 2002 í máli nr. 230/2002 er langvarandi venja fyrir því að í dómi um peningakröfu, sem skuldari hefur greitt að hluta, sé látið við það sitja að kveða á um skyldu hans til að greiða upphaflegan höfuðstól kröfunnar með nánar tilgreindum vöxtum, án þess að mælt sé berum orðum fyrir um af hvaða fjárhæð þeir skuli reiknast á hverjum tíma, en allt að frádreginni einni eða fleiri innborgunum sem hafi verið inntar af hendi á tilteknum dögum. Þá er gengið út frá því að við endanlegt uppgjör kröfunnar verði að öðru jöfnu farin sú leið að reikna út stöðu kröfunnar eins og hún var hverju sinni þegar innborganir voru inntar af hendi og þeim ráðstafað til að greiða fyrst áfallinn kostnað og vexti, en að þeim liðum frágengnum gangi þær til lækkunar á höfuðstól kröfunnar, sem borið geti vexti upp frá því. Í þessu ljósi er almennt ekki tekin afstaða til þess í dómi um peningakröfuna sem slíka hvernig standa eigi á síðari stigum að endanlegu uppgjöri hennar, enda er þá meðal annars haft í huga að ágreiningur sem kann að rísa um útreikning og greiðslu kröfunnar getur komið sjálfstætt til kasta dómstóla í máli um lögmæti fullnustugerðar fyrir henni.
56. Sá hluti kröfugerðar stefnanda sem snýr að því að innborgunum sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls miðast sýnilega við að uppgjörsháttum verði hagað í samræmi við þá venju sem hér var lýst með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 230/2002. Þess finnast dæmi í dómaframkvæmd að kröfugerð hafi verið hagað með þessum hætti, án þess þó að slíkt hafi varðað frávísun umrædds hluta dómkröfunnar sem þó hefur ekki verið tekinn upp í

dómsorð í viðkomandi málum. Um þetta vísast til hliðsjónar til dóma Landsréttar frá 11. júní 2021 í máli nr. 82/2020 og 11. febrúar 2022 í máli nr. 742/2020.

57. Með vísan til framangreinds verður þeim hlutum aðal- og þrautavarakrafna stefnanda sem hér um ræðir ekki vísað frá dómi en þeir verða þó ekki teknir upp í dómsorð jafnvel þótt svo fari að fallist verði á umræddar kröfur stefnanda.
58. Næst kemur til skoðunar hvort vísa eigi frá dómi kröfum stefnanda á hendur stefnda Arnþóri Victori, en aðal- og varakröfur stefnanda snúa að honum, sameiginlega með stefnda Kjartani. Málsástæður stefnda Arnþórs Victors sem varða frávísun málsins snúa að því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður, skilyrði samlagsaðildar séu ekki uppfyllt og að ósamræmi sé milli dómkrafna og málsástæðna stefnanda, sbr. nánari umfjöllun um þessar málsástæður stefnda að framan.
59. Að því er fram kemur í þingbók málsins hafnaði dómariinn sem fór með málið á fyrri stigum þess frávísunarkröfu stefnda Arnþórs Victors, með vísan til þess að gagnaöflun hefði ekki verið lýst lokið og að lögmaður stefnanda myndi leggja fram reikning fyrir kröfu sinni, auk þess að líkindum að leggja fram skýrslutökur frá Héraðsdómi Reykjaness vegna fyrirliggjandi dóms á hendur Eignaframkvæmd ehf. Jafnframt var vísað til þess að lögmaður stefnanda myndi gera betur grein fyrir því hvernig til samaðildar hafi stofnast með stefndu. Enn fremur gætu allir aðilar lagt fram kröfuskrá úr þrotabúi Eignaframkvæmdar ehf. Við úrlausn um frávísunarpátt málsins kemur m.a. til skoðunar hvort stefnandi hafi bætt úr þessum atriðum eftir að frávísunarkröfunni var hafnað en einnig er til þess að líta að dómari sem tekur við máli er óbundinn af niðurstöðu fyrri dómara um að hafna frávísunarkröfu. Eftir að frávísunarkröfunni var hafnað lagði stefnandi m.a. fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúi Eignaframkvæmdar ehf., frá 14. apríl 2021, reikning stefnanda á hendur Eignaframkvæmd ehf., dags. 18. júní 2019, reikning stefnanda á hendur stefnda Kjartani, dags. 17. október 2023, og endurrit af skýrslum sem teknar voru við aðalmeðferð máls nr. E-2001/2019 hjá Héraðsdómi Reykjaness. Einn af þeim sem þar gáfu skýrslur er stefndi Arnþór Victor, sem í því máli var mættur sem fyrirsvarsmáður stefnda Eignaframkvæmdar ehf. Enn fremur skoraði stefnandi á stefndu að leggja fram reikning frá Eignaframkvæmd ehf. til stefnda Kjartans vegna framkvæmdarinnar sem um ræðir í málinu.
60. Í stefnu er hvað stefnda Arnþór Victor varðar vísað til þess að félag hans, Eignaframkvæmd ehf., hafi tekið að sér umsjón með viðhaldsverkefninu sem um ræðir. Sú milliganga hafi, að því er virðist, fyrst og fremst haft þann tilgang að félag bæri kostnað af framkvæmdinni í staðinn fyrir raunverulegan eiganda fasteignarinnar, mögulega vegna skattsniðgöngu. Þá kemur fram að krafa stefnanda sé byggð á tilteknum reikningi, nr. 160, sem stefnandi gaf út á hendur Eignaframkvæmd ehf., sem ekki hafi fengist greiddur þrátt fyrir dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-2001/2019, þar sem greiðsluskylda Eignaframkvæmdar ehf. var staðfest, enda hafi bú félagsins skömmu síðar verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi telji augljóst að stefndu hafi alltaf ætlað að svíkja sig um greiðslu samkvæmt lokareikningnum. Við aðalmeðferð framangreinds máls hafi komið í ljós að milliganga stefnda Arnþórs Victors hafi falist í því að vera móttakandi reikninga fyrir verkið og að hann myndi ekki hvaða þóknun hann ætti að fá fyrir milligöngu sína og félagsins Eignaframkvæmdar ehf. Eignaframkvæmd ehf. hafi aldrei gert stefnda Kjartani reikninga fyrir þeim reikningum sem félagið hafi greitt fyrir það verk sem stefnandi hafi unnið í þágu Kjartans.
61. Af því sem hér var rakið sýnist ljóst að stefnandi byggi kröfu sína á hendur stefnda Arnþóri Victori á því að hann hafi fyrir hönd félags síns, Eignaframkvæmdar ehf., haft umsjón með eða a.m.k. milligöngu um viðhaldsverkefni sem stefnandi hafi unnið í þágu stefnda Kjartans. Sú milliganga hafi verið til málamynda og líklega haft tilgang tengdan skattsniðgöngu, auk þess sem alltaf hafi staðið til að svíkja stefnanda um greiðslu samkvæmt lokareikningnum. Málatilbúnaður stefnanda er þannig reistur á því að stefndi hafi í þessum efnun komið fram fyrir hönd einkahlutafélags síns, Eignaframkvæmdar ehf. Í því félagiformi felst að enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess, sbr. m.a. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, og almennt breytir engu um það þótt félag verði síðar gjaldþrota. Þá byggði stefnandi á því í máli nr. E-2001/2019 hjá Héraðsdómi Reykjaness að það væri Eignaframkvæmd ehf. sem bæri greiðsluskyldu gagnvart honum vegna umrædds reiknings, en hafði þá kröfu ekki uppi á hendur stefnda Arnþóri Victori persónulega, og sú greiðsluskylda var sem fyrr segir staðfest með dómnum.

Stefnandi reifaði ekki í stefnu hvaða atvik eða réttarreglur hafi að hans áliti leitt til þess að hann hafi eignast kröfu á hendur stefnda Arnþóri Victori persónulega og gögn sem stefnandi lagði fram síðar fá engu um það breytt. Málalíbúnaður stefnanda uppfyllir að þessu leyti ekki skýrleikakröfur e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þeim kröfum stefnanda sem snúa að stefnda Arnþóri Victori, þ.e. aðal- og varakröfu stefnanda, verður því vísað frá dómi.

Úrlausn um kröfu stefnanda á hendur stefnda Kjartani Ólafssyni

62. Eftir stendur ágreiningur milli stefnanda og stefnda Kjartans Ólafssonar um hvort umræddum stefnda skuli gert að greiða þá fjárhæð sem greinir í þrautavarakröfu stefnanda, eða eftir atvikum þrautþrautavarakröfu hans.
63. Fyrir liggur og er óumdeilt að verkið sem stefnandi vann sneri að viðhaldi á fasteign í eigu stefnda Kjartans, þótt reikningar stefnanda vegna verksins skyldu samkvæmt samkomulagi aðila gefnir út á félagið Eignaframkvæmd ehf. Ekkert hefur þó komið fram í málinu um að Eignaframkvæmd ehf. hafi átt eignar- eða afnotaréttindi af neinu tagi yfir umræddri fasteign, enda hefur því ekki verið haldið fram af hálfu stefndu. Því blasir við að umrætt verk var unnið í þágu stefnda Kjartans en ekki Eignaframkvæmdar ehf. Fyrirgreind tölvupóstsamskipti, frá júní og júlí 2019, sem stefndi Kjartan átti aðild að styðja enn fremur við sömu ályktun. Sem fyrr segir kvaðst stefndi Kjartan, í tölvupósti til fyrirsvarsmanns stefnanda 28. júní 2019, hafa fengið reikninga vegna verksins að fjárhæð 6.046.447 krónur, sem sé langt umfram það sem hann hafi átt von á og telji eðlilegt og leggur til að honum verði veittur 25% afsláttur. Fyrirsvarsmáður stefnanda svaraði þessu með tölvupósti 3. júlí sama ár og andmælti þar þessum sjónarmiðum stefnda Kjartans. Stefndi Kjartan svaraði sama dag og kvaðst vera búinn að millifæra eina milljón króna til Eignaframkvæmdar ehf. Í framhaldi af þessu munu fyrirsvarsmáður stefnanda og stefndi Kjartan hafa fundað um málið 9. júlí 2019 og í framhaldi af því áttu þeir frekari samskipti um málið, sem gerð er frekari grein fyrir að framan. Þessi atriði benda ótvírætt til þess að aðilar hafi litið svo á að greiðsluskylda hvíldi á stefnda Kjartani vegna verksins, þótt Eignaframkvæmd ehf. hefði milligöngu um greiðslurnar og aðila hafi á þeim tíma greint á um fjárhæðir.
64. Þótt stefndi hafi bent á að hann hafi greitt aðrar greiðslur til Eignaframkvæmdar ehf. vegna verksins hefur hann ekki borið við þeirri vörn að hann hafi greitt þá skuld sem hér er deilt um til félagsins og beri af þeirri ástæðu ekki greiðsluskyldu gagnvart stefnanda. Stefnda hefði þó verið í lófa lagið að bera það fyrir sig og sýna fram á slíka greiðslu með framlagningu gagna ef henni hefði verið fyrir að fara. Því verður að álykta sem svo að stefndi hafi ekki innt af hendi greiðslu vegna þess hluta verksins sem um ræðir í málinu, að frátalinni innborguninni sem óumdeilt er að stefndi hafi greitt 3. júlí 2019 og gögn málsins staðfesta.
65. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 5. janúar 2021 í máli nr. E-2001/2019 var fallist á skyldu Eignaframkvæmdar ehf. til að greiða stefnanda skuld að sömu fjárhæð og hér er deilt um, enda skuldin til komin vegna umrædds verks. Aðeins níu dögum síðar, 14. sama mánaðar, var bú Eignaframkvæmdar ehf. tekið til gjaldþrotaskipta og lýsti stefnandi í framhaldinu kröfu í þrotabúið vegna þessa. Svo fór að engar eignir reyndust vera í búinu og skiptum lauk 23. apríl 2021 án þess að nokkuð fengist upp í lýsta kröfu stefnanda. Með því varð endanlega ljóst að stefnandi fengi kröfu sína ekki greidda úr hendi milligönguadilans Eignaframkvæmdar ehf. eða þrotabús félagsins. Þá fyrst varð jafnframt ljóst að stefnandi hefði tilefni til að innheimta kröfuna beint úr hendi stefnda Kjartans, þrátt fyrir samkomulag aðila um að Eignaframkvæmd ehf. skyldi hafa milligöngu um greiðslur vegna verksins. Að áliti dómsins hófst því fyrningartími kröfunnar ekki fyrr en á því tímamarki, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007. Fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar, sbr. 3. gr. sömu laga, var því ekki liðinn þegar málið var höfðað, en fyrningu er slitið með málsókn kröfuhafa á hendur skuldara, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Í ljósi þess að það var ekki fyrr en á umræddu tímamarki sem ljóst varð að krafan fengist ekki greidd úr hendi Eignaframkvæmdar ehf. er ekki heldur fallist á að stefnandi hafi í umræddu máli ráðstafað sakarefninu á þann hátt að krafa hans á hendur stefnda Kjartani nú sé því ósamrýmanleg. Ætla verður að tilraunir stefnanda til að innheimta kröfuna hjá Eignaframkvæmd ehf. á fyrri stigum, fremur en stefnda Kjartani, helgist af fyrirgreindu samkomulagi aðila um milligöngu félagsins um greiðslur.
66. Að framangreindu virtu verður hafnað þeim málsástæðum stefnda Kjartans sem byggjast á því að sýkna eigi hann á grundvelli aðildarskorts eða þess að krafa stefnanda hafi verið fyrnd þegar málið var höfðað.

67. Stefndi hefur ekki byggt á því að fjárhæð kröfunnar sé óeðlileg miðað við verkið sem unnið var, enda var fjallað um álitæfni tengd henni í fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-2001/2019, sem stefnandi höfðaði gegn Eignaframkvæmd ehf. Dómurinn hefur fullt sönnunargildi um þau atvik er þar greinir, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.
68. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á skyldu stefnda Kjartans til að greiða stefnanda þá fjárhæð sem krafist er. Í þrautavarakröfu stefnanda er upphafstími dráttarvaxta miðaður við 18. júní 2019 sem er dagsetning reiknings stefnanda á hendur Eignaframkvæmd ehf. Í þrautaþrautavarakröfu stefnanda er aftur á móti miðað við að krafan beri dráttarvexti frá 17. október 2023, sem er dagsetning reiknings stefnanda á hendur stefnda Kjartani. Málið var höfðað 23. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er, ef ekki er samið um gjalddaga kröfu, heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Ekki liggur fyrir að stefnandi hafi krafði stefnda Kjartan um greiðslu fyrr en með umræddum reikningi sem dagsettur er 17. október 2023 en var samkvæmt gögnum málsins sendur stefnda með tölvupósti 18. sama mánaðar. Jafnframt gildir samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 að þrátt fyrir kvæði 3. mgr. er heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfuna. Að þessu virtu verður stefndi sýknaður af þrautavarakröfu stefnanda en fallist á þrautaþrautavarakröfu stefnanda, þó þannig að dráttarvextir reiknist frá 23. október 2023.

Um málskostnað

69. Í samræmi við þessi málsúrslit og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda Kjartani gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þótt aðal- og varakröfum stefnanda sé vísað frá dómi og stefndi Kjartan sé sýknaður þrautavarakröfu stefnanda felst í niðurstöðunni um greiðsluskyldu stefnda Kjartans að hann tapar málinu í öllu verulegu í skilningi tilvitnaðs lagaákvæðis.
70. Þótt kröfum stefnanda á hendur stefnda Arnþóri Victori sé vísað frá dómi þykir í ljósi vafaatriða í málinu, tengdum aðkomu hans að milligöngu félagsins Eignaframkvæmdar ehf. í viðskiptum aðila, rétt að málskostnaður falli niður milli hans og stefnanda, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.
- Málflutningur fyrir aðila og skipan dómsins*
71. Páll Ágúst Ólafsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda, Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður fyrir stefnda Kjartan Ólafsson og Halldór Ingi Blöndal lögmaður fyrir stefnda Arnþór Victor Grétarsson.
72. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalkröfu og varakröfu stefnanda, Viðhaldsmanna ehf., er vísað frá dómi.

Stefndi Kjartan Ólafsson skal vera sýkn af þrautavarakröfu stefnanda.

Stefndi Kjartan Ólafsson skal greiða stefnanda, Viðhaldsmönnum ehf., 1.526.470 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 23. október 2023 til greiðsludags.

Stefndi Kjartan Ólafsson skal greiða stefnanda 1.400.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður fellur niður milli stefnanda og stefnda Arnþórs Victors Grétarssonar.